

RÆÐA

Bæjarstjóri, bæjarfulltrúar og aðrir gestir. Ég heiti Hekla Kristleifsdóttir og er í Ungmennaráði Akraness fyrir hönd Brekkubæjarskóla.

Ég, eins og aðrir fulltrúar Ungmennaráðsins, tók þátt í ungmennapingi hér á Akranesi þann 1. nóvember síðastliðinn. Ein af spurningunum sem kom fram var „Hvað getur Akraneskaupstaður gert til þess að auka umhverfisvitund íbúa?“ Ég ætla að tala út frá því hér í dag og tillögurnar sem ég kem með eru þær sem helst komu fram á málþinginu.

Ég vil byrja á að tala um hversu heppin við erum að hér í þessum bæ að fá góða fræðslu í skólunum okkar um umhverfismál. Hér eru skólar og leikskólar sem taka virkan þátt í þessum málum og erum heppin að hafa fengið grænfánann nokkrum sinnum. Svo er líka frábært að hafa fengið bláfánann fyrir Langasandinn okkar. Bláfáninn er veittur þeim baðströndum sem uppfylla ákveðin skilyrði sem lúta að eftirfarandi þáttum; umhverfisfræðsla og upplýsingagjöf, vatnsgæði, umhverfisstjórnun, öryggi og þjónusta.

Við eigum miklar náttúruperlur hér á Akranesi sem við eigum að standa vörð um og má þar nefna fjörunnar okkar þar með talinn Langasandinn og Skógræktina svo eitthvað sé nefnt.

Ég tek strætó á hverjum virkum degi og er þakklát fyrir að hafa ókeypis strætó. Það er nú samt margt sem mætti laga og bæta við til þess að hvetja fleiri til að nýta sér þessa þjónustu. Eitt af því fyrsta sem maður tekur eftir er umgengnin í strætisvagninum sem er ekki alveg nógu góð. T.d er algengt að sjá krass og tyggjóklessur aftast í vagninum. Til að koma í veg fyrir þetta væri hægt að hafa

eftirlitsmann í strætó eða jafnvel að koma upp eftirlitsmyndavélum því allir vilja nú auðvitað vera í snyrtilegum strætisvagn. Svo væri frábært að koma upp strætóappi fyrir Akranesstrætóinn til að maður geti fylgst betur með og fengið upplýsingar hvar vagninn er eða ef ferðirnar breytast. Og fyrir umhverfið væri snilld að hafa strætóinn rafknúinn.

Okkur unga fólkinu þykir mikilvægt að gera strætóinn þannig að hann sé virkilegur valkostur fyrir alla og minnki þannig aðra bílaumferð.

Við þurfum líka að gera betur varðandi göngu og hjólastígana og þannig hvetja aðra og fleiri til að koma sér gangandi eða hjólandi á milli staða. Við þurfum einnig að hafa góða aðstöðu til þess að hjóla og ganga í snjó eða hálfku og sjá til þess að salta eða sanda göngu og hjólastíga. Akranes er með svo fáar brekkur og það ætti þá í rauninni að vera mjög auðvelt að hjóla um hérna. Það væri gott markmið að sækja um vottun að við séum hjólavænt samfélag og tengjast þannig markmiðum Heilsueflandi samfélags.

Annað sem við ættum að vera duglegri við er að fræða almenning um flokkun og endurnýtingu og hvað maður getur gert betur á sínu heimili varðandi það.

Við þurfum sem samfélag að flokka meira og betur og koma upp fleiri flokkunarstöðvum hér í bænum.

Við ættum að setja okkur markmið um að verða bærinn sem önnur sveitafélög horfa til í umhverfismálum.

Að lokum langar mig að segja frá því að í gær var undirritaður samningur á milli félags -og barnamálaráðuneytisins og Unicef þar sem ráðuneytið skuldbindur sig til að styðja við sveitafélög við innleiðingu á verkefninu

Barnvæn samfélög Unicef. Samningurinn er undirritaður í tilefni af 30 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember sem er einmitt á morgun á Degi barnsins.

Með samningnum er stefnt að því að íslensk stjórnvöld og öll sveitarfélög á Íslandi hafi á næsta áratug hafið markvissa innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og tileinkað sér barnaréttindanálgu í sínum verkefnum, stefnumótun og ákvörðunum.

Eins og segir í fréttatilkynningu af málinu er með samningnum stigið mikilvægt skref í átt að fjölgun sveitarfélaga sem taka þátt í verkefninu með það að markmiði að þeim fjölgi um sex árið 2020 og tólf árið 2021. Samanlagt er stefnt á að a.m.k. 30 prósent sveitarfélaga á Íslandi hafi fengið viðurkenningu sem Barnvæn sveitarfélög UNICEF við árslok 2021.

Það er von mín að Akranes, bærinn okkar verði einn af þeim sem hoppa fljótlega á vagninn og verði með í þessu spennandi verkefni. Hvað er betra en að vera vistvænt, barnvænt og heilsueflandi sveitafélag.

Að lokum þakka ég fyrir mig og munið eftir að hlusta á unga fólkið